

Og nú er nýtt ár komið. Og þið spyrjið: Hvað kemur nýja árið með handa okkur? Ætli það færi okkur nokkuð gott? Því þið eruð æfinlega að hugsa um það, að ykkur sé fært ritt-hvað gott. Þegar pabbi kemur úr þrennum, þá vonist þið eftir því, að hann færi ykkur eithvað gott. Og þegar hann tekur upp úr vasa sínum það, sem hann færir ykkur og sýnir ykkur, þá sést á andlítinum á ykkur, að ykkur þykir vænt um. Þau fara ekki í neinar felur með það. Munnurinn segir frá því og augun. Nefið líka. Já, alt andlitið.

Nú viljið þið, að nýja árið færi ykkur eitthvað gott. Og það á að gera það, og vill líka gera það. Því ef pabbi ykkar vill færa ykkur það, sem gott er, þá vill fádir ykkar á himnum miklu heldur gera það. Hann vill færa ykkur það allra besta.

Árið er hans. Hann kemur með árið. Og hann vill láta það færa ykkur það, sem gott er, einmitt það, sem gott er fyrir ykkur, það allra besta. Og þið getið fundið það og fengið það, ef þið leitið að því. Og það mun sjást á andlítinum á ykkur, ef þið fáið það. Þau fara ekki í neinar felur með það. Og eg vil segja meira: Það mun sjást á öllu ykkar lífi.

Fádirinn á himnum færir ykkur fyrir Jesum Krist alt gott á árinu. Þá fáið þið hið góða, sem árið á að færa ykkur. Og þegar árið er búið, þá segið þið: Guð er góður. Hann gaf okkur gott á.

Blettir.

Það voru blettir á síðasta blaðinu, óhræsis blettir, sem kallast prentvillur. Þið hafið rekið ykkur á þær. Það eru æfinlega vondir blettir, en verstir þó fyrir börn.

Mér þykir fyrir að blettir sé á „Börnunum“. Eg vil helst, að þau sé hrein. Því mér þykir vænt um hrein börn, og um börn, sem vilja þvo sér.

Eg veit, að þið viljið öll þvo ykkur og vera hrein.

En það eru sum börn, sem ekki vilja láta þvo sér, en grenja, þegar mamma þeirra ætlar að þvo þeim. Ekkert ykkgerir það.

Svo segi eg ekki meira um bletti núna. Geri það kanniske seinna. En í þessu sambandi skal eg geta þess, að sagan „Jólatréð“ var þýdd. Orðið „þýtt“ átti að standa undir fyrirsogninni, en hafði fallið burt.

Engin sending.

Eg bjóst hálf-partinn við að hafa einhverja sendingu með